



Reykjavík 15.09.2020

Borgarráð Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs frá 9. september 2020 varðandi eftirfarandi mál.

Ný gjaldskrá fyrir embætti byggingarfulltrúa

Lögð er fram tillaga að nýrri gjaldskrá fyrir byggingarfulltrúa Reykjavíkurborgar. Einnig er lagt fram minnisblað dags. 7. september 2020.

Samþykkt.

Vísað til borgarráðs.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá.

Kl. 12:24 vikur Vigdís Hauksdóttir af fundi.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir

Birta þarf auglýsingu um nýja gjaldskrá fyrir byggingarfulltrúa í Stjórnartíðindum.

Fylgiskjal: minnisblað dags. 7. september 2020.

GJALDSKRÁ

fyrir byggingarfulltrúa Reykjavíkurborgar

Fyrir þjónustu sem byggingarfulltrúinn í Reykjavík innir af hendi skal innheimta gjöld sem hér segir:

1.gr.

Úttektir samkvæmt ákvæðum byggingarreglugerðar nr. 112/2012.

Áfangaúttekt	11.200 kr.
Stöðuúttekt	19.600 kr.
Lokaúttekt;	
a) Lítið umfang, s.s. minniháttar breytingar á mannvirki og lóð með breytingum á útliti eða fyrirkomulagi, svalaskýli, kvistir, bílskúr, klæðingar húss o.þ.h.	22.400 kr.
b) Meðal umfang, s.s. minni viðbygging eða nýbygging einbýlis, par- og raðhúss og minni fjölbýlishúss eða breytingar á fyrirkomulagi.	39.200 kr.
c) Mikið umfang, s.s. nýbygging stærri mannvirkja, umfangsmeiri breytingar á fyrirkomulagi.	56.000 kr.
Úrtaksskoðun vegna áfangaúttekta	11.200 kr.
Úttekt byggingarstjórnaskipta	22.400 kr.
Íbúðarskoðun	22.400 kr.

2.gr.

Útgáfa vottorða.

Fokheldisvottorð	28.100 kr.
Vottorð um stöðuúttekt	19.900 kr.
Lokaúttektarvottorð	19.900 kr.
Stöðuleyfi	18.000 kr.

3.gr.

Byggingarleyfisgjöld.

Lágmarksgjald við móttöku umsóknar	11.200 kr.
Hver aðaluppdráttur með umsókn;	
a) Lítið umfang, s.s. minniháttar breytingar á mannvirki og lóð með breytingum á útliti eða fyrirkomulagi, svalaskýli, svalir, kvistir, klæðingar húss o.þ.h.	2.800 kr.
b) Meðal umfang, s.s. minni viðbygging eða nýbygging einbýlis, par- og raðhúss og minni fjölbýlishúss ásamt skráningartöflu eða breytingar á fyrirkomulagi.	5.600 kr.
c) Mikið umfang, s.s. nýbygging stærri mannvirkja, umfangsmeiri breytingar á innra skipulagi atvinnuhúsa eða stærri framkvæmdir sem krefjast einnig skoðunar skipulagsfulltrúa enda falli framkvæmd ekki undir a- eða b- lið.	11.200 kr.
Endurumsókn útrunnins byggingarleyfis	11.200 kr.
Aukagjald fyrir hverja þriðju umfjöllun	11.200 kr.

4.gr.

Skoðunargjöld vegna yfirferðar séruppdráttu.

Einbýlis, par- og raðhús og fjölbýlishús allt að 2.000 m ³	84.000 kr.
Af öðru húsnæði, þ.m.t. atvinnuhúsnæði og gripahús allt að 2.000 m ³	117.600 kr.
Af hverjum 1.000 m ³ byggingar umfram 2.000 m ³ ;	
a) Einföld bygging, s.s. skemmur, skýli, lager, íþróttahús, gripahús o.þ.h.	16.800 kr.
b) Hefðbundin bygging, s.s. verslun- og skrifstofur, fjölbýlishús, hótél o.þ.h.	28.000 kr.
c) Sérhæfð bygging s.s. heilsuverndarhús, menningar- eða rannsóknarhús o.þ.h.	39.200 kr.
Aðrar minni byggingar, s.s. viðbygging, bílgeymsla, anddyri, sólstofa o.fl.	28.000 kr.
Umfangslitlar breytingar á innra skipulagi atvinnuhúsnæðis	39.200 kr.
Umfangsmiklar breytingar á innra skipulagi atvinnuhúsnæðis	78.400 kr.
Breytingar á innra skipulagi sérhúss, klæðning húss, svalaskýli, lóð o.fl.	16.800 kr.

5.gr.

Skoðunargjöld vegna yfirllesturs eignaskiptayfirlýsingar.

Eignaskiptayfirlýsing;	
a) 2 - 5 eignir	33.600 kr.
b) 5 - 15 eignir	44.800 kr.
c) 15 - 50 eignir	56.000 kr.
d) 50 eignir og fleiri	67.200 kr.
Aukagjald fyrir hvern þriðja yfirllestur	11.200 kr.

6.gr.

Skoðunargjöld vegna yfirferðar raflagnauppráttar.

Íbúðarhúsnæði:	
Einbýlis, par- og raðhús 1 x 63 A	15.100 kr.
Fjölbýlishús með allt að 10 íbúðum:	
Heimtaug 3 x 63A, grunnjald	15.100 kr.
Á hverja íbúð	780 kr.
Stærri fjölbýlishús:	
Heimtaug 3 x 100-200A, grunnjald	15.100 kr.
Á hverja íbúð	1.900 kr.
Atvinnuhúsnæði:	
Heimtaug 3 x 63A	22.400 kr.
Heimtaug 3 x 100-200A	60.100 kr.
Heimtaug 3 x 315A og stærri	100.100 kr.

7.gr.

Sé hönnun mannvirkis sérstaklega vandasöm getur byggingafulltrúi við meðferð byggingarleyfisumsóknar ákveðið að faggilt skoðunarstofa annist yfirferð hönnunargagna og úttektir á kostnað eiganda vegna framkvæmdar í heild eða að hluta sbr. ákvæði í gr. 3.3.1 og 3.3.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

8.gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 51.gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 með síðari breytingum var staðfest í borgarstjórn Reykjavíkur x september 2020 öðlast gildi 1. xxxber 2020.

Borgarstjórnin í Reykjavík, x september, 2020

Dagur B. Eggertsson



MINNISBLAÐ

Reykjavík, 7. sept. 2020

Breyting gjaldaliða í gjaldskrá byggingarfulltúa.

Í kjölfar af máli til Héraðsdóms Reykjavíkur þar sem samkomulag var gert í maí sl. um endurgreiðslu Reykjavíkurborgar á hluta álagningar byggingarleyfisgjalds sem umsækjandi greiddi vegna byggingarleyfis voru tilmæli frá bæði skrifstofustjóra umhverfis- og skipulagssviðs og borgarlögmanni að breyta gjaldskrá byggingarfulltrúa og gjaldskrá fyrir byggingarleyfisgjöld á þann veg að álagning tæki betur mið af kostnaði starfsmanna byggingarfulltrúa vegna yfirferðar á gögnum byggingarleyfisumsókna. Mælst var til að breyttir gjaldaliðir væru gerðir sem fyrst.

Í gildandi gjaldskrá um byggingarleyfisgjald er m.a. tilgreint að byggingarleyfisgjald skal innheimt samkvæmt rúmmáli nýs byggingarmagns og skal gjald renna til greiðslu kostnaður vegna yfirferðar á aðaluppdráttum og fylgiskjölum þeirra fram að byggingarleyfi. Þannig er t.a.m. ekkert gjald nema lágmarksgjald fyrir yfirferð aðaluppdráttar þar sem ekkert nýtt byggingarmagn í rúmmáli er til samþykktar en getur verið mjög hátt gjald fyrir umfangsmikil mannvirki í rúmmáli.

Með hliðsjón af þessu er tillaga um breytingu og nýja gjaldaliði fyrir byggingarleyfisgjald þar sem gjaldtaka með umsókn verði samkvæmt hverjum aðaluppdrætti til staðfestingar í stað rúmmáls. Tímamæld var vinna starfsmanna við verkþætti í úrtaki byggingarleyfisumsókna og niðurstaða er þrískipt gjald eftir mismunandi umfangi umsókna.

Samhliða breyttum gjaldaliðum byggingarleyfisgjalda voru aðrir eftirfarandi gjaldaliðir endurskoðaðir og samræmdir:

- Gjald lokaúttekta verði þrískipt í stað tvískipt eftir umfangi,
- Skoðunargjöld vegna yfirferðar séruppdráttar þrískipt fyrir umfangsmeiri mannvirki og
- Gjaldaliðir eignaskiptayfirlýsinga sundurliðaðir til skilgreiningar og til samræmis við gjaldaskrá fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands.

f.h. byggingarfulltrúa,

Óskar Torfi Þorvaldsson, yfirverkfræðingur